



Skipulagsstofnun  
Laugavegur 166  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. nóvember 2006  
Tilvísun: 2006110004  
Bréfalykill: 22.2

## **Efni: Umsögn um matsskyldu vegna 2,5 MW virkjunar í Hverfisfljóti**

Orkustofnun hefur með bréfi Skipulagsstofnunar, dags. 17. nóvember 2006 borist beiðni um að veita umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Orkustofnun hefur skoðað framlögð gögn málsins í ljósi þess hvort umrædd framkvæmd er skynsamleg nýting á viðkomandi auðlind. Samkvæmt framlögðum gögnum er gert ráð fyrir hreinni rennslisvirkjun, þ.e. virkjun sem er algerlega undirorpin náttúrulegum rennslisveiflum. Virkjunin er miðuð við að geta nýtt allt að 4 rúmmetra á sek. rennslis, sem virðist eðlileg viðmiðun miðað við þekktu dreifingu vetrarlágreennslis. Virkjunin nýtir aðeins um 80 m fall að því er séð verður af gögnum málsins. Orkustofnun hefur látið kanna möguleika á virkjun Hverfisfljóts miðað við að nýta sem mest af falli árinna og miðað við að miðla hluta af sumarrennslis hennar. Vegna jarðfræðilegra aðstæðna telur Orkustofnun ekki raunhæft að Hverfisfljót verði virkjað með þeim hætti, a.m.k. ekki í fyrirsjáanlegri framtíð (OS-2003/20).

### **Ábending:**

Þetta svæði er ekki í alfaraleið og líklega ekki mörgum kunnugt. Að mati margra starfsmanna Orkustofnunar og Vatnamælinga eru Lambhagafossar í Hverfisfljóti með allra sérkennilegustu farvegafyrirbærum á landinu, en þarna er mótun farvegar í nýlegu hrauni enn í fullum gangi. Sá hluti fljótsins sem verður tekinn út fyrir þennan hluta farvegarins er ekki umtalsverður og mun varla hafa áhrif á farvegaþróunina. Virkjunin mun hins vegar snerta umgerð svæðisins og verði virkjun leyfð á þessum stað er mikilvægt að tekið verði ríkt tillit til þessarar sérstöðu svæðisins með vandaðri hönnun og lágmarksriski.

### **Niðurstaða:**

Orkustofnun telur að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð áhrif á nýtingu vatnsauðlindar Hverfisfljóts og framkvæmdin skuli vegna þeirra áhrifa einna ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin er virkjunarleyfis skyld skv. raforkulögum nr. 65/2003. Við veitingu virkjunarleyfis ber að taka tillit til umhverfisáhrifa af virkjun, þar á meðal áhrifa á náttúrufar.

Virðingarfyllt

Hákon Aðalsteinsson

Elín Smáradóttir

